

Stjórnarfundur LH 15. febrúar 2010

16. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Ísleifur Jónasson og Þorvarður Helgason.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Vísað til næsta fundar

2. FEIF þing.

Lagðar voru fram tillögur sem teknar verða fyrir á aðalfundi FEIF Óðinsvéum Danmörku. Lagt var minnisblað frá vinnufundi þess hóps sem mun fara á þingið fyrir hönd Íslands og var það rætt og samþykkt.

3. Uppskeruhátíð hestamanna

Lagt var fram uppgjör frá Uppskeruhátíð hestamanna og var hún rædd og samþykkt.

4. Hestatorg

Bréf frá Félagi hrossabænda hefur borist LH um áframhald Hestatorgs 2010. Tekið var jákvætt í bréf og var lagt til að OH og óskaði eftir fundi með þeim aðilum sem voru þátttakendur á síðasta Hestatorgi.

5. Landsmót

Kynnt var staða samninga vegna LM 2012 við hestamannafélagið Fák. Umræður fóru fram um samninginn og hann ræddur, ákveðið var að halda áfram með viðræður við hestamannafélagið Fák.

6. Sigurður Sæmundsson

Stjórn LH samþykkti að senda Sigurði Sæmundssyni gjöf á 60 ára afmælisdegi sínum og þakka honum fyrir vel unnin störf fyrir sambandið.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*